# Fundargerð 323. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: þriðjudagur 15. júlí 2025
Fundartími: 9:00-10:35
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 306, dags. 09.07.2025:**
   a) **Mýrar L166366; Vegagerð og lagnir; Framkvæmdaleyfi - 2506085**
   Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Mýrar L166366 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst m.a. lagning vegar, vatnsheimtaugar, rafmagns og ljósleiðara.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda deiliskipulags. Mælist nefndin þó til þess við umsækjanda að gert verði grein fyrir því hvar fyrirhuguð efnistaka verði fyrir lagningu vega og að nánar verði gert grein fyrir uppbyggingu vega innan svæðisins.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis sem tekur til Mýra L166366 vegna vegagerðar og lagna á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með eftirfarandi fyrirvörum:
   - Framkvæmdaaðili fylgi reglum vegna vatnsveitu Flóahrepps. Í reglum um vatnsveitu Flóahrepps er skilyrt að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni á vegum Flóahrepps. Sama gildir um lagningu eða breytingu á stofnlögnum innan landsins ef við á. Óski framkvæmdaaðili eftir því að leggja heimæðar fyrir vatnsveitu skal það gert með samþykki, formlegu samkomulagi og undir eftirliti sveitarfélagsins og skal framkvæmdaaðili greiða raunkostnað vegna lagningar heimæða.
   - Framkvæmdaaðili eigi náið samráð við Flóasljós vegna ljósleiðaralagna og greiði raunkostnað vegna lagningar þeirra.
   - Framkvæmdaaðili geri grein fyrir því hvar fyrirhuguð efnistaka verði fyrir lagningu vega og að nánar verði gert grein fyrir uppbygging vega innan svæðisins.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Laugardælur - hverfi; Nýr aðkomuvegur; Deiliskipulag – 2411053**
   Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til lands Laugardæla L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum við þeim og uppfærðum gögnum.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og*

*samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu við tillöguna verði tilkynnt um niðurstöðu málsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til lands Laugardæla L166253 eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu við tillöguna verði tilkynnt um niðurstöðu málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Merkurlaut 1 L193162; Byggingarheimild; Gestahús - 2506100**

Móttekin var umsókn þann 26.06.2025 um byggingarheimild fyrir 40 fm gestahúsi á sumarbústaðalandinu Merkurlaut 1 (verður Axarhólsbraut 3) L193162 í Flóahreppi.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlögð umsókn um byggingarheimild fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Uppsalir dæluhús L239025; Byggingarheimild; Dæluhús - 2507010**

Móttekin er umsókn dags. 02.07.2025 um byggingarheimild fyrir 15,3 fm dæluhúsi á viðskipta- og þjónustulóðinni Uppsalir dæluhús L239025 í Flóahreppi.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Fyrir liggur samþykki landeiganda Uppsala fyrir stofnun lóðar á svæðinu sem sérstaklega var eyrnamerkt umsóttu dæluhúsi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlögð umsókn um byggingarheimild fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Fyrir liggur samþykki landeiganda Uppsala fyrir stofnun lóðar á svæðinu sem sérstaklega var eyrnamerkt umsóttu dæluhúsi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Loftsstaðir-Vestri L165512; Byggingarheimild; Skemma – 2503080
Erindi sett að nýju fyrir fund. Móttekin var umsókn þann 16.01.2025 um byggingarheimild fyrir 250 fm skemmu á jörðinni Loftsstaðir-Vestri L165512 í Flóahreppi. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og er málið því lagt fram að nýju eftir grenndarkynningu þar sem lögð er til tilfærsla á staðsetningu hússins.
*Að mati skipulagsnefndar er framlögð tillaga að staðsetningu hússins í um 90 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi að Eystri-Loftsstöðum á merktu svæði C á meðfylgjandi loftmynd fullnægjandi viðbrögð við þeim athugasemdum sem bárust frá nágranna að Eystri-Loftsstöðum við umsótta staðsetningu hússins, mælist nefndin til þess að gámar á landi Lofsstaða-Vestri verði fjarlægðir um leið og byggingu hússins er lokið. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við framlagða umsókn og mælist til þess að byggingarfulltrúi afgreiði málið. Nákvæm staðsetning hússins m.t.t. minja verði sem fyrr unnin í samráði við Minjastofnun Íslands. Niðurstaða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar verði kynnt þeim sem athugasemdir gerðu við umsótta byggingarheimild.*

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að framlögð tillaga að nýrri staðsetningu vegna umsóknar um byggingarheimild fyrir 250 fm skemmu, í um 90 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi að Eystri-Loftsstöðum, séu fullnægjandi viðbrögð við þeim athugasemdum sem bárust frá nágranna að Eystri-Loftsstöðum við umsótta staðsetningu hússins. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til hlutaðeigandi að gámar á landi Lofsstaða-Vestri verði fjarlægðir um leið og byggingu hússins er lokið. Sveitarstjórn samþykkir framlagða umsókn miðað við nýja staðsetningu og felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til umsækjanda að nákvæm staðsetning hússins m.t.t. minja verði sem fyrr unnin í samráði við Minjastofnun Íslands og að nákvæm staðsetning verði í jaðri skilgreinds landbúnaðarlands. Niðurstaða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar verði kynnt þeim sem athugasemdir gerðu við umsótta byggingarheimild.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 230, dags. 02.07.2025 og nr. 231, dags. 10.07.2025**
Lagðar fram til kynningar.
3. **Ósk um breytta landnotkun - Hvítárbyggð L238531**
Fyrir liggur erindi þar sem óskað er eftir breyttri landnotkun í Hvítárbyggð L238531. Óskað er eftir því að landnotkun frístundabyggðar F22 í landi Hvítárbyggðar verði skilgreind sem

íbúðarbyggð innan vinnslu heildar endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps.
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar beiðni um breytta landsnotkun í Hvítárbyggð L238531 þar sem óskað er eftir því að breyta frístundasvæði F22 yfir í íbúðabyggð til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
4. **Fyrirspurn frá eigendum Huldu- Maríu- og Krækishóla - Veiting gistileyfa B í íbúðarbyggð**
Fyrir liggur fyrirspurn þar sem óskað er eftir afstöðu Flóahrepps til veitingar gistileyfis B (leiga á heilu húsi / gestahús) í nýju íbúðarhverfi í Maríu- Huldu- og Krækishólum.
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar framlagðri fyrirspurn til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
5. **Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar - Musterið slf.**
Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – C Minna gistiheimili í Halakoti IV (F2503532), rýmisnúmer 01 0103 og 02 0101. Umsækjandi er Rebekka Sól Margrétardóttir kt. 040599-2909 fyrir hönd Musterið slf, kt. 520816-1510. Umsóknaraðili er eigandi og með fasta búsetu á aðliggjandi jörð, Halakoti II, og er eigandi ofangreindrar eignar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – C Minna gistiheimili í Halakoti IV (F2503532), rýmisnúmer 01 0103 og 02 0101.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Yfirlit frá verkefnastjóra verklegra framkvæmda**
   Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerðir**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 322, dags. 26.06.2025
   b) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 123, dags. 25.06.2025
   c) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 245, dags. 20.06.2025
   d) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 17, dags. 24.05.2025
   e) Stjórnar SASS nr. 623, dags. 06.06.2025
   f) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 86, dags. 23.06.2025
   g) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 24, dags. 23.06.2025
   h) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 82, dags. 02.07.2025
8. **Efni til kynningar**
   a) Frá Ungmennafélagi Íslands - Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa
   b) Frá Ráðgjafar- og greiningarstöð - Breyting á skipulagi Ráðgjafar- og greiningarstöðvar
   c) Frá Samtökum um áhrif umhverfis á heilsu - Ályktun aðalfundar SUM 2025
   d) Frá Innviðaráðuneyti - Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga
   e) Frá Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti - XIV. Umhverfisþing 15.-16. september
   f) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Boð á vinnustofu
   g) Frá Vegagerðinni - Fyrirhuguð niðurfelling héraðsvegar, Árlundarvegur (3039-01)
   h) Frá Vegagerðinni - Fyrirhuguð niðurfelling héraðsvegar Hamarskotsvegur (3025-01)
   i) Næsti fundur sveitarstjórnar
   Sveitarstjórn samþykkir að fella niður fund 5. ágúst og verður næsti fundur sveitarstjórnar þriðjudaginn 19. ágúst kl. 17:00 í Þingborg.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

**Stjórn byggðasamlags UTU - 124. fundur
haldinn á Teams, þriðjudaginn 1. júlí 2025
og hófst hann kl. 15:00**

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

1. **Ráðning skipulagsfulltrúa**

Lagt fram minnisblað unnið af Hagvangi. Þar sem rakið er umsóknarferlið sem samanstóð af mati á umsækjendum byggt á innsendum umsóknargögnum, stöðluðum hegðunartengdum viðtölum og framhaldsviðtali auk umsagna. Farið var yfir reynslu umsækjenda á þeim hæfnisþáttum sem tilgreindir voru í auglýsingu og þekking þeirra og geta metin með auglýsinguna að leiðarljósi. Það var gert með því að fara ítarlega yfir ferilskrár og kynningarbréf viðkomandi umsækjenda og með viðtölum við þá tvo umsækjendur sem taldir voru uppfylla best þær hæfniskröfur sem settar voru fram í auglýsingunni. Að úrvinnslu lokinni er niðurstaðan sú að bjóða Sigríði Kristjánsdóttur starfið.
*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu og samþykkir að bjóða Sigríði starfið. Skrifstofustjóra og formanni falið að vinna málið áfram.*
*Helgi Kjartansson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**

# Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 18.07.2025
Tími: 13:54:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 20.07.2025
Tími: 18:55:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 18.07.2025
Tími: 13:52:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 18.07.2025
Tími: 23:36:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 18.07.2025
Tími: 22:31:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 18.07.2025
Tími: 13:32:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 348f3d45-adc0-4145-a31e-138d5f903b15

# Stjórn byggðasamlags UTU - 125. fundur
# haldinn á Teams, mánudaginn 14. júlí 2025
# og hófst hann kl. 09:00

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri. Róbert Ragnarsson frá KPMG sat fundinn undir dagskrárlið 1.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

1. **Staðan á vinnu KPMG**

Róbert mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir stöðu vinnu KPMG.
*Lagt fram til kynningar.*

2. **Ráðning skipulagsfulltrúa**

Lagður fram ráðningasamningur við Sigríði Kristjánsdóttur til eins árs. Sigríður mun hefja störf 28. ágúst nk.
*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi samning og felur formanni að skrifa undir hann fyrir hönd UTU. Ljóst er að brúa þarf starf skipulagsfulltrúa frá 11. ágúst til 28. ágúst, skrifstofustjóra falið að vinna að lausn mála.*
*Samþykkt samhljóða.*

3. **Stytting vinnuvikunnar**

Lagt fram svar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirspurnar trúnaðarmanns starfsmanna vegna styttingar vinnuvikunnar.
*Stjórn ræddi málið og felur skrifstofustjóra og formanni að vinna málið áfram með trúnaðarmanni.*
*Samþykkt samhljóða.*

4. **Seyrumál**

Lagt fram til kynningar minnispunktar vegna seyruverkefnisins.
*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:25.**

# Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 25.07.2025
Tími: 12:23:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 20.07.2025
Tími: 18:54:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 18.07.2025
Tími: 13:54:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 18.07.2025
Tími: 23:38:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 18.07.2025
Tími: 22:32:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 18.07.2025
Tími: 13:32:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c936bbb0-accf-4ed1-bf28-c0a3c61e1957

# 624. fundur stjórnar SASS

## Haldinn á Teams

## föstudaginn 27. júní 2025, kl. 12:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Gauti Árnason, Helga Jóhanna Harðardóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

### 1. Innra starf SASS

Starfsmannamál og önnur innri mál rædd undir þessum lið

### 2. Húsnæðismál

Áhöld eru uppi um hverjir eigi byggingarrétt á baklóð Austurvegs 56. Eigendur fyrstu hæðar hússins telja hann tilheyra sér eingöngu, en eigendur þriðju hæðar hússins, þ.e. VR, Félag iðn- og tæknigreina og Báran stéttarfélag sem hvert um sig á 33% eignarhlut, telja að byggingarrétturinn skiptist hlutfallslega eftir eignarhluta hverrar hæðar. Fyrir liggur að málið verði lagt fyrir dóm og þarf stjórn SASS að ákveða hvort samtökin taki þátt í þeim málaferlum eða hvort þau samþykki að byggingarrétturinn tilheyri fyrstu hæðinni eingöngu. Málið var tekið fyrir á 614.fundi stjórnar SASS og gert um það bókun, en þar sem málið var ekki klárað í kjölfarið var ákveðið að endurskoða afstöðu stjórnar. Í ljósi nánari skoðunar bókar stjórn SASS eftirfarandi:

Stjórn SASS telur að best sé að samtökin sem eigandi annarrar hæðar húsnæðisins fylgi eigendum þriðju hæðarinnar til þess að fá úr þessu skorið fyrir dómstólum enda sé ekki forsvaranlegt að gefa eftir byggingarréttinn án þess að úr því sé skorið með lögbundnum hætti. Framkvæmdastjóra falið að koma bókun á framfæri við lögmann eigenda fyrstu hæðarinnar.

### 3. Upplýsingafundir stjórnar

Mikil ánægja hefur verið með upplýsingafundi stjórnar með aðildarsveitarfélögum og ráðgert að hefja þá aftur eftir sumarfrí samkvæmt skipulagi þann 5. September nk. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að efni næstu funda. Áveðið að færa fundartíma upplýsingafunda til kl.12:00 og færa jafnframt fundi stjórnar aftur um klukkustund, eða til kl.13:00 ásamt því að útvíkka fundarboðið til æðstu embættismanna sveitarfélaganna auk annarra sem eiga erindi á fundina.

### 4. Kortlagning samstarfs á Suðurlandi / KPMG

KPMG hefur undanfarið unnið að ýmsum kortlagningum annara landshluta með það fyrir augum að finna leiðir til þess að einfalda ferla og nýta betur þá innviði sem fyrir eru. Fyrir liggur tillaga að kortlagningu samstarfs á Suðurlandi sem myndi nýtast sunnlenskum sveitarfélögum, byggðasamlögum, og stofnunum í eigu sveitarfélaganna við að nýta betur innviði og koma í veg fyrir tvíverknað og sóun í kerfinu. Stjórn SASS er áhugasöm um verkefnið og felur framkvæmdastjóra að skoða málið frekar.

5. Áhersluverkefni fyrir haustið 2025 – til upplýsinga

a. Í ljósi þess að út er komin ný Sóknaráætlun þarf að endurskoða þau verkefni sem lögð voru fram við síðustu Sóknaráætlun en vegna aðstæðna, voru ekki tekin fyrir. Umsóknar aðilar þurfa að endurskoða verkefnin með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á áætluninni svo verkefnin rími áfram við hana. Verkefnastjóra sóknaráætlunar falið að hafa samband við umsóknar aðila til þess að yfirfara verkefnin og í framhaldi verði þau tekin fyrir á fundi stjórnar þann 5. September n.k.

b. Stjórn ákveður jafnframt að skipa fagráð Sóknaráætlunar sem samanstendur af þeim Brynhildi Jónsdóttur, Gauta Árnasyni og Söndru Sigurðardóttur. Munu þau koma til með að vinna með verkefnastjóra að útfærslu að verklagi, forgangsröðun og eftirfylgni aðgerða og verða lykilaðili sem við ráðgjöf við stjórn. Samþykkt samhljóða.

6. **Sumarfundur stjórnar**

Formaður og framkvæmdastjóri fara þess á leit við stjórn að sumarfundur stjórnar, sem jafnframt er staðvinnufundur, verði færður til14.-15.ágúst vegna sumarfundar framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna sem fyrirhugaður er 21.-22. ágúst n.k. Samþykkt samhljóða.

7. **Önnur mál**

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hyggst boða til opinna íbúafunda í öllum landshlutum til að eiga samráð um málaflokka ráðuneytisins. Tilgangur fundanna er að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórnarfólks um málaflokka ráðuneytisins – samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál og fjarskipti og stafræna innviði. Nefna má að samgönguáætlun verður lögð fram á Alþingi á haustþingi og vinna við endurskoðun byggðaáætlunar hefst haustið 2025.

Innviðaráðuneytið óskar eftir liðsinni landshlutasamtaka sveitarfélaga við undirbúninginn.

Stjórn lýsir yfir ánægju með þetta framtak ráðherra og mun liðsinna við undirbúning fundarins. Stjórn vill jafnframt leggja það til að haldnir verði þrír fundir þar sem landshlutinn er víðfeðmur og vilji til að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 13:30

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 14.-15.ágúst 2025

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**246. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn þriðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 13:00 að Starmóa 11, 800 Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson, Örn Friðriksson (í fjarfundarbúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Oddur Árnason boðaði forföll.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, skráning, tóbakssöluleyfi, brennuleyfi, umsagnir, rekstraryfirlit

### a. Starfsleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2508032HS | Starfsleyfi ný kennitala | Brekkugerði ehf. | 806 | 11.08.2025 |
| 2508033HS | Starfsleyfi nýtt gistileyfi | Efra-Sel - Michal Bartosz Abramczuk | 846 | 11.08.2025 |
| 2508034HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Skeggjastaðir land - G.K. Bílaréttingar ehf. | 861 | 11.08.2025 |
| 2508025HS | Starfsleyfi endurnýjun | Vatnsból Hraungerði - Völustakkur ehf. | 881 | 07.08.2025 |
| 2508026HS | Starfsleyfi endurnýjun | Íbúð - RS ehf. - Barkarstaðakot | 861 | 07.08.2025 |
| 2508002HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Hagabúið ehf Hagi 2b gisting | 851 | 01.08.2025 |
| 2507145HS | Starfsleyfi endurnýjun | Leigufélagið Borg ehf. - Borg Apartments | 861 | 31.07.2025 |
| 2507148HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Króktun ehf. gisting í sumarhúsi hafnað | 851 | 31.07.2025 |
| 2507150HS | Starfsleyfi Blómstrandi dagar tímabundið | Hveragerðisbær | 810 | 31.07.2025 |
| 2507155HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Náttúruverndarstofnun | 881 | 31.07.2025 |
| 2507135HS | Starfsleyfi nýtt - gisting í frístundahúsi | Mói Luxury House - Moiluxurycare ehf. | 801 | 29.07.2025 |
| 2507109HS | Starfsleyfi tímabundið v.Sumar á Selfossi | Knattspyrnudeild UMF Selfoss | 800 | 28.07.2025 |
| 2507111HS | Starfsleyfi – sveitarfél?? | Tónræktin ehf. | 810 | 28.07.2025 |
| 2507114HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Björtuloft - Tal og tónar slf. | 851 | 28.07.2025 |
| 2507120HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Saga Luxury Villa_Adorable pr. new Cabin - Sólarátt ehf. | 861 | 28.07.2025 |
| 2507130HS | Starfsleyfi tímabundið v. Njáluhátíð | Njálufélagið | 851 | 28.07.2025 |
| 2507097HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Sára Annamária Herczeg | 804 | 22.07.2025 |
| 2507089HS | Starfsleyfi tímabundið - jarðborun Bláskógar 10-12 í Hveragerði | Ræktunarsamband Flóa/Skeið ehf. | 810 | 21.07.2025 |
| 2507092HS | Starfsleyfi nýr matarvagn | Happy Pancakes - Austurvegur - Bulgare ehf. | 860 | 21.07.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2507093HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Sjávargata, útleiga íbúða - Fjallgarður ehf. | 820 | 21.07.2025 |
| 2507094HS | Starfsleyfi endurnýjun | Tjaldsvæði Vatnsholti - Hotel Vatnsholt ehf. | 803 | 21.07.2025 |
| 2507082HS | Starfsleyfi tímabundið | Rannsóknarboranir Meitlum - Orkuveita Reykjavíkur | 816 | 17.07.2025 |
| 2507083HS | Starfsleyfi tímabundið | Borgarverk ehf. - starfsmannabúðir við Vaðöldu | 851 | 17.07.2025 |
| 2507085HS | Starfsleyfi endurnýjun | Vatnsból Neðri-Þverá, Fljótshlíð - Árni Sigurpálsson | 861 | 17.07.2025 |
| 2507068HS | Starfsleyfi nýr matarvagn | Eyr veitingar ehf. - Codfather | 800 | 14.07.2025 |
| 2507069HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Skógar Lodge - Atlandic Salmon ehf. | 861 | 14.07.2025 |
| 2507062HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Black Sand Hotel ehf. | 816 | 11.07.2025 |
| 2507055HS | Starfsleyfi endurnýjun | Linde Gas ehf. - áður Ísaga Grímsnes | 805 | 10.07.2025 |
| 2507048HS | Starfsleyfi tímab. Hamingjan við hafið | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 09.07.2025 |
| 2507045HS | Starfsleyfi gisting | Kot - Mupinak ehf | 861 | 08.07.2025 |
| 2507027HS | Starfsleyfi tímabundið | Jarðborun í Hverahlíð - vinnsluholur HE-68 og HE-69 - Orka náttúrunnar ohf. | 816 | 07.07.2025 |
| 2507035HS | Starfsleyfi tímab. Flugmót | Flugmálafélag Íslands | 850 | 07.07.2025 |
| 2507025HS | Starfsleyfi fjölgun á húsum | Útleiga sumarhúsa - Uxahryggur ehf. | 851 | 04.07.2025 |
| 2507015HS | Starfsleyfi tímabundið útihátíð | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 03.07.2025 |
| 2507016HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Bjallabrún - Gísli Heiðar Bjarnason | 851 | 03.07.2025 |
| 2507020HS | Starfsleyfi tímab. Blóm í bæ | Tónræktin ehf. | 810 | 03.07.2025 |
| 2507006HS | Starfsleyfi sala fæðubótarefna | Cupfeel ehf. | 800 | 02.07.2025 |
| 2507007HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | V2ás ehf. | 851 | 02.07.2025 |
| 2507008HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Dvalinn ehf. | 851 | 02.07.2025 |
| 2506277HS | Starfsleyfi endurnýjun v. baðlóns | Kerlingarfjöll ehf. | 210 | 30.06.2025 |
| 2506278HS | Starfsleyfi tímab. v kótelettan | Knattspyrnudeild UMF Selfoss | 800 | 30.06.2025 |
| 2506279HS | Starfsleyfi tímab. Flúðir um Versló | Sonus viðburðir ehf. | 845 | 30.06.2025 |
| 2506280HS | Starfsleyfi innfl. Léttvína | Ólöf Ingibergsdóttir | 816 | 30.06.2025 |
| 2506281HS | Starfsleyfi endurnýjun | Veitingahúsið Suður-Vík ehf. | 870 | 30.06.2025 |
| 2506282HS | Starfsleyfi nýtt, Landvegamót | Spói gistihús ehf. | 851 | 30.06.2025 |
| 2506283HS | Starfsleyfi ný gististarfsemi | Austurey Gisting ehf. | 806 | 30.06.2025 |
| 2506271HS | Starfsleyfi tímab. Goslokahátíð | AR Veitingar ehf. | 900 | 27.06.2025 |
| 2506249HS | Starfsleyfi nýr leikskóli | Ölfus v Leikskólinn Hraunheimar | 815 | 24.06.2025 |
| 2506250HS | Starfsleyfi tímab. | Landsvirkjun vvinnubúða við Búrfellsvirkjun | 804 | 24.06.2025 |
| 2506251HS | Starfsleyfi tímab. | Bongó - Greenhouse rekstrarfélag ehf. | 810 | 24.06.2025 |
| 2506258HS | Starfsleyfi endurnýjun | Skinnhúfa ehf - gisting í sumarbústöðum | 851 | 24.06.2025 |
| 2506239HS | Starfsleyfi nýtt | VE73 sf. Tjaldsvæði, Herjólfsdal og við Þórsheimilið | 900 | 23.06.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2506240HS | Starfsleyfi tímab. F. tjaldsvæði v. Kótelettunnar | Handknattleiksdeild UMF Selfoss | 800 | 23.06.2025 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

*Í auglýsingu:*

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:**

Linde Gas, ehf., kt. 490293-2059, Hæðarenda, 805 Grímsnes og Grafningshreppi, vegna meðhöndlunar og geymslu á gasi. Sjá hér.

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 17. ágúst 2025

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693 2169, Víkurheiði 6, 800 Selfoss, vegna borunnar vinnsluholu HS-10 fyrir Veitur ohf. við varmastöð í Hveragerði. Sjá hér.

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 17. ágúst 2025

Orkuveita Reykjavíkur, kt. 5512983029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna jarðborunnar í Meitlum á Hellisheiði rannsóknarhola HR-02. Sjá hér.

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 13. ágúst 2025

Orka náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna borunar á vinnsluholum HE-68 og HE-69 í Hverahlíð á Hellisheiði, 816 Ölfus, sjá hér.

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 12. ágúst 2025

- Fossvélar ehf, Hellismýri 7, 800 Selfoss vegna bifreiða- og vélaverkstæðis og færanlegri starfsemi á steinmölun og framleiðslu á ofaníburði og fyllingarefnum. Sjá hér

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 29. júlí 2025

## b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2508027HS | Skráning tímabundin vegna niðrurrifs mannvirkja með asbesti í Gunnarsholti | Vörðufell ehf. - | 800 | 07.08.2025 |
| 2508005HS | Skráning - flugeldasýning 9. ágúst 2025 | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 05.08.2025 |
| 2507133HS | Skráning, Flugeldasýning á Þjóðhátíð, ÍBV | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 29.07.2025 |
| 2507073HS | Skráning - almenningssalerni við Langasjó | Náttúruverndarstofnun | 881 | 15.07.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2507072HS | Skráning - almenningssalerni við Eldgjá | Náttúruverndarstofnun | 881 | 15.07.2025 |
| 2507071HS | Skráning - almenningssalerni við Laka | Náttúruverndarstofnun | 881 | 14.07.2025 |
| 2507070HS | Skráning - almenningssalerni við Blágil | Náttúruverndarstofnun | 881 | 14.07.2025 |
| 2507032HS | Skráning niðurrif Kirkjuvegi 35, tímabundið | Niðurrif bygginga - Vigtin - Fasteignafélag ehf. | 900 | 07.07.2025 |
| 2507022HS | Skráning tímabundin vegna flugeldasýningar á Blómstrandi dagar 16. ágúst | Hveragerðisbær | 810 | 03.07.2025 |
| 2506256HS | Skráning - flutningur á Austurveg 9 | Líf Kíró Selfoss ehf. | 800 | 24.06.2025 |

Staðfesting afgreiðslu

### c. Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2508001HS | Tóbakssöluleyfi - endurnýjun | Björkin ehf | 860 | 01.08.2025 |
| 2507143HS | Tóbakssöluleyfi, ÍBV Íþróttafélag v Þjóðhátíðar | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 29.07.2025 |
| 2507080HS | Tóbakssöluleyfi - endurnýjun | Stjörnunótt ehf. – Húsadal | 861 | 16.07.2025 |
| 2507044HS | Tóbakssöluleyfi - endurnýjun | Bensínsalan Klettur ehf - veitingasalan | 900 | 08.07.2025 |

Staðfesting afgreiðslu

### d. Brennuleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2507129HS | Brennuleyfi umsögn <100 m3 | Njálufélagið | 851 | 4907250830 |
| 2507087HS | Brennuleyfi - umsögn um brennu undir 100 m3 | Rafiðnaðarsamband Íslands | 800 | 6808140150 |
| 2507046HS | Brennuleyfi umsögn brennu 100 m3 Efsta Dal | Jón Kristinn Sigurjónsson | | 3001663189 |
| 2507023HS | Brennuleyfi umsögn um litla brennu | Ingi Þór Jónsson - Bryggjuháttíð Stokkseyri Brennuleyfi | 825 | 1806814189 |
| 2507001HS | Brennuleyfi, umsögn um brennuleyfi, Þjóðhátíð 2025 | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 6801972029 |
| 2506236HS | Brennuleyfi undir 100 m3 - umsögn | Pétur Logi Pétursson | 820 | 1201962519 |
| 2506024HS | Brennuleyfi Reykholti - umsögn | Bláskógabyggð | 806 | 5106024120 |

Staðfesting afgreiðslu.

### e. Umsagnir til sýslumanna
**Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa**

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2508037HS | Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi | Bertha María Waagfjörð | 861 | 11.08.2025 |
| 2508036HS | Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi | Ferðaþjónustan S- Langholti ehf | 846 | 11.08.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2508035HS | Rekstrarleyfi stækkun gististaðar ný hús | I - 14 ehf. Efri ey | 881 | 11.08.2025 |
| 2508021HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - gisting í frístundahúsi | Moiluxurycare ehf. | 801 | 07.08.2025 |
| 2507154HS | Rekstrarleyfi - gisting Skeggjast. | G.K. Bílaréttingar ehf. | 861 | 31.07.2025 |
| 2507153HS | Rekstrarleyfi gisting | Sólarátt ehf. | 861 | 31.07.2025 |
| 2507152HS | Rekstrarleyfi gisting | Björtuloft - Tal og tónar slf. | 851 | 31.07.2025 |
| 2507151HS | Rekstrarleyfi gisting | Hagabúið ehf | 851 | 31.07.2025 |
| 2507149HS | Rekstrarleyfi ný gististarfsemi | Einholt 1 gisltistaður - LGK ehf. | 820 | 31.07.2025 |
| 2507147HS | Rekstrarleyfi - Króktún | Króktun ehf. gisting í sumarhúsi hafnað | 851 | 31.07.2025 |
| 2507142HS | Rekstrarleyfi - Veitingar | Laxá Lodge - Lyngheiði ehf. | 851 | 29.07.2025 |
| 2507103HS | Rekstrarleyfi ný gististarfsemi - þrjú fasteignanúmer | Sjávargata, útleiga íbúða - Fjallgarður ehf. | 820 | 24.07.2025 |
| 2507099HS | Rekstrarleyfi ný gististarfsemi | Söruhús - Sára Annamária Herczeg | 804 | 22.07.2025 |
| 2507098HS | Rekstrarleyfi | Austurey Gisting ehf. | 806 | 22.07.2025 |
| 2507090HS | Rekstrarleyfi - endurnýjun | Efstidalur 2 ehf | 806 | 21.07.2025 |
| 2507075HS | Rekstrarleyfi gisting | Mupinak ehf. | 861 | 15.07.2025 |
| 2507067HS | Rekstrarleyfi nýtt gisting Efra-Seli | Michal Bartosz Abramczuk | 846 | 11.07.2025 |
| 2507066HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting Halakoti | Musterið slf. | 803 | 11.07.2025 |
| 2507065HS | Rekstrarleyfi veitingar | Árhús ehf. | 850 | 11.07.2025 |
| 2507064HS | Rekstrarleyfi nýr veitingastaður Laugarási | Árböðin ehf. | 806 | 11.07.2025 |
| 2507056HS | Rekstrarleyfi Hestheimar - stækkun | Eignarhaldsfélagið Einhamar ehf | 851 | 10.07.2025 |
| 2507049HS | Rekstrarleyfi breyting - viðbótarhús | Hallshólmi ehf. | 861 | 09.07.2025 |
| 2507043HS | Rekstrarleyfi ný gisting minna gistiheimili | Hestvit ehf. | 851 | 08.07.2025 |
| 2507042HS | Rekstrarleyfi ný gisting minna gistiheimili | Atlandic Salmon ehf. | 861 | 08.07.2025 |
| 2507040HS | Rekstrarleyfi íbúðagisting | Hjalti Gunnarsson | 825 | 08.07.2025 |
| 2507037HS | Rekstrarleyfi gististaður í frístundahúsi | Kjartanshólmi ehf. | 800 | 07.07.2025 |
| 2507036HS | Rekstrarleyfi gististaður | Miðás hestar ehf. | 850 | 07.07.2025 |
| 2507034HS | Rekstrarleyfi veitingastaður við Landvegamót | Spói gistihús ehf. | 851 | 07.07.2025 |
| 2507029HS | Rekstrarleyfi sótt um lengri opnun | Systrakaffi ehf | 880 | 07.07.2025 |
| 2507017HS | Rekstrarleyfi gisting í frístundahúsi - vantar bygg | Ovis ehf. | 851 | 03.07.2025 |
| 2507012HS | Rekstrarleyfi gisting - farfuglaheimili | Ourhotels Vik ehf - 1908 Hostel | 870 | 02.07.2025 |
| 2507011HS | Rekstrarleyfi stækkun - húsi bætt við - | Heimagisting - Brekkugerði, Austurbyggð 26, Laugarási - Haraldur Arnar Haraldsson | 806 | 02.07.2025 |
| 2506276HS | Rekstrarleyfi, umsögn vegna breytinga á opnunartíma og fjölda gesta. | Höfðó ehf. | 900 | 30.06.2025 |
| 2506238HS | Rekstrarleyfi EJ Hotels Héraðsskóli | EJ Hotels ehf. | 861 | 20.06.2025 |
| 2507146HS | Tækifærisleyfi - vegna dansleiks á töðugjöldum á Hellu | Rangárþing ytra | 850 | 31.07.2025 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2507144HS | Tækifærisleyfi - Tónræktin vegna áfengisveitinga á Hamingjunni við hafið | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 30.07.2025 |
| 2507141HS | Tækifærisleyfi til áfengisveitinga, Pílukeppni. | Vestmannaeyjabær | 900 | 29.07.2025 |
| 2507140HS | Tækifærisleyfi, umsögn vegna Þjóðhátíðar. | Gott - S.B. Heilsa ehf. | 900 | 29.07.2025 |
| 2507139HS | Tækifærisleyfi vegna Þjóðhátíðar 2025. | P67 ehf. | 900 | 29.07.2025 |
| 2507138HS | Tækifærisleyfi vegna Þjóðhátíðar 2025. | Kráin ehf | 900 | 29.07.2025 |
| 2507137HS | Tækifærisleyfi - blómstrandi dagar 2025 | Hveragerðisbær | 810 | 29.07.2025 |
| 2507136HS | Tækifærisleyfi, umsögn vegna Þjóðhátíðar. | Höfðó ehf. | 900 | 29.07.2025 |
| 2507134HS | Tækifærisleyfi vegna Þjóðhátíðar 2025. | Dalhraun 6 ehf | 900 | 29.07.2025 |
| 2507132HS | Tækifærisleyfi Njáluhátíð | Njálufélagið | 851 | 28.07.2025 |
| 2507101HS | Tækifærisleyfi vegna kotmóts að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð | Skálinn-Miðstöð hvítasunnumanna | 861 | 23.07.2025 |
| 2507100HS | Tækifærisleyfi - áhorf á brekkusöng í miðbæ Selfoss | Rekstrarfélag Miðbæjar Selfoss | 800 | 23.07.2025 |
| 2507088HS | Tækifærisleyfi vegna tónleika í Ásbrekku | Faxaflói ehf | 805 | 18.07.2025 |
| 2507081HS | Tækifærisleyfi - Meistaramót Golfklúbbs Þorlákshafnar | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 16.07.2025 |
| 2507063HS | Tækifærisleyfi tónleikar á Brúartorgi í miðbæ Selfoss | Mathöll Selfoss - Rekstrarfélag Mjólkurbúsins | 800 | 11.07.2025 |
| 2507052HS | Tækifærisleyfi - útitónleikar á Miðbar | Gott kvöld ehf. | 800 | 09.07.2025 |
| 2507033HS | Tækifærisleyfi Tónleikar Mörtungu | Mörtunga slf. | 881 | 07.07.2025 |
| 2507024HS | Tækifærisleyfi útisala | Höfðó ehf. | 900 | 04.07.2025 |
| 2507014HS | Tækifærisleyfi - Blóm í bæ | Tónræktin ehf. | 810 | 02.07.2025 |
| 2507013HS | Tækifærisleyfi Helluflugvöllur hátíðin allt sem flýgur | Flugmálafélag Íslands | 850 | 02.07.2025 |
| 2507010HS | Tækifærisleyfi lengri opnun - Flúðir um Verslo | Sonus viðburðir ehf. | 845 | 02.07.2025 |
| 2507009HS | Tækifærisleyfi Flúðir um Versló | Sonus viðburðir ehf. | 845 | 02.07.2025 |
| 2506273HS | Tækifærisleyfi - Watthaimidhusa. Tælensk menningarhátíð. í Miðhúsaskógi | Areerat Arína Óttarsdóttir | 806 | 30.06.2025 |
| 2506263HS | Tækifærisleyfi til áfengisveitinga, Goslok. | AR Veitingar ehf. | 900 | 25.06.2025 |
| 2506257HS | Tækifærisleyfi Sigtúnsgarði, bjórsala | Knattspyrnudeild UMF Selfoss | 800 | 24.06.2025 |

Afgreiðsla staðfest

## f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2507108HS | Nr. 10392025 - Austurvegur 1-5 og Lyngmói 1-5, - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 25.07.2025 |
| 2507107HS | Nr. 10562025 - Laugarvatn L224243; Ný iðnaðarlóð vegna jarðhita; Deiliskipulagsbreyting - 2506031, - Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á deiliskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 24.07.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2507095HS | Nr. 09892025 - Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56 - Deiliskipulagsbreyting - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)- | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 22.07.2025 |
| 2507084HS | Nr. 10112025 - Sælusel og Heklusel. Br á dsk, - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 17.07.2025 |
| 2507078HS | Nr. 10102025 - Bjallavað dsk áningarastaðar, - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag) | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 16.07.2025 |
| 2507061HS | Nr. 09842025 - Eystri-Loftsstaðir L2277151; Íbúðarhús og útihús; Deiliskipulag - 2411042 -0Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag) | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.07.2025 |
| 2507060HS | Nr. 09852025 -Hæðarendi spilda L208527 og Hæðarendi lóð L168255; Frístundabyggð í landi Hæðarenda; Deiliskipulag - 2504092 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag) | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.07.2025 |
| 2507003HS | Nr. 08882025 - Akurgerði ferðaþjónustuhús - Nýtt DSK, - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag) | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 01.07.2025 |
| 2507002HS | Nr. 08872025 - Gjúfurárholt 23. og 24. Endurauglýst DSKbr, - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 01.07.2025 |
| 2506270HS | Nr. 08802025- Ormsstaðir L168271; Frístundasvæði F66; Deiliskipulag - 2506021 - Kynning tillögu á vinnslustigi (Nýtt deiliskipulag) | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 27.06.2025 |
| 2506267HS | Nr. 08732025 - Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting - 2505090, Lýsing (Breyting á aðalskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 26.06.2025 |
| 2506266HS | Nr. 08392025 - Tryggvagata 15 - Deiliskipulagsbreyting 2025, Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi) | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 26.06.2025 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

*Umhverfismál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2507105HS | Nr. 10432025 - Rafstrengur við Laufafell, - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu) | Skipulagsstofnun | 105 | 24.07.2025 |
| 2507102HS | Nr. 10482025 - Coda stöðin Ölfusi, - Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum) | Skipulagsstofnun | 105 | 24.07.2025 |
| 2507074HS | Nr. 10082025 - Aukin efnistaka í landi Skollagrófar - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu) | Skipulagsstofnun | 105 | 15.07.2025 |
| 2507051HS | Stækkun hótels ION Adventure á Nesjavöllum, nr. 09522025 Tilkynning um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 09.07.2025 |
| 2507004HS | Nr. 08962025 - Sorporkuver á Strönd - Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum) | Skipulagsstofnun | 105 | 01.07.2025 |
| 2506248HS | Nr. 08572025 -Skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi - Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum) | Skipulagsstofnun | 105 | 24.06.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

g) **Rekstraryfirlit**

Rekstraryfirlit dags. 8. ágúst 2025 til kynningar

2. **Úr eftirliti**

a. **Árhús, Hellu – gististaður og tjaldsvæði**

Til kynningar, eftirlitsskýrsla og myndir. Ekki hefur verið hægt að afgreiða starfsleyfi þar sem staðurinn uppfyllir ekki kröfur um búnað og þar með ekki veitt jákvæð umsögn vegna umsagnarbeiðni vegna gistileyfis. Sýslumanninum á Suðurlandi hefur verið tilkynnt um stöðu máls og mun hann taka það til þóknanlegrar meðferðar.

b. **Sundlaugin Hvolsvelli – köld laug /baðstaðir á Suðurlandi**

Bréf í fundargögnum dags. 14. júlí sl. þar sem köldu keri er lokað. Rekstraraðili hefur óskað eftir að fá að opna aftur með því að auka gegnumstreymi og bæta þrif.
Bókun:

> Heilbrigðisnefnd Suðurlands vísar í reglugerð nr. 889/2017 um breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, þar sem segir í niðurlagi 3. gr. um C flokk lauga: *„Hvorki er gerð krafa um hreinsibúnað né sótthreinsun í köldum kerjum ef hægt er að tryggja heilnæmi vatnsins á annan hátt. Um heilnæmi vatns í köldum kerjum fer skv. 16. gr.“*
> Í 16. gr. stendur að baðvatn skuli standast kröfur um niðurstöður örverurannsókna. Jafnframt kemur fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar: *„Fyrir laugar sem falla í C flokk er hægt að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar um að nota ekki sótthreinsiefni. Leyfi má veita að undangenginni rannsókn á örveruinnihaldi baðvatnsins sbr. I. Viðauka. Þegar ekki er notaður klór skal vakin sérstök athygli á því í merkingum laugar.“*
> - og í 1. Viðauka:
> ***„Örverurannsóknir vegna ákvæðis 3. mgr. 4. gr. fyrir C flokk lauga.***
> *Örverurannsókn skal felast í eftirfarandi: Tekin eru 10 sýni úr hverri laug meðan þær eru í rekstri, tvö sýni í senn á mismunandi stöðum úr laug. Sýnin eru rannsökuð hvert um sig og skulu standast gæðakröfur sbr. ákvæði í IV. viðauka. Í sýnunum má ekki mælast klór. Ef 90% sýna reynast nothæf getur heilbrigðisnefnd heimilað að ekki þurfi að nota sótthreinsiefni. Ef minna en 90% sýna reynast nothæf skal fara fram á viðeigandi úrbætur eða aukin vatnsskipti og endurtekna rannsókn. Ef hvorugt er gert og ekki er hægt að sýna fram á að örveruinnihald baðvatns standist ákvæði IV. viðauka skal ekki veita heimild skv. 3. mgr. 4. gr.“*

Í samræmi við ofangreint getur Heilbrigðisnefnd Suðurlands ekki fallist á að heimila opnun kalda kersins í Sundlaug Hvolsvallar að nýju, þar sem fimm örverusýni í röð hafa ekki staðist kröfur yfir tímabil frá maí – júlí 2025.

c. **Eftirlit og sýnatökur í sundlaugum á Suðurlandi**

Til kynningar eru niðurstöður úr þeim sundlaugum á Suðurlandi sem þegar hafa fengið eftirlit/sýnatökur á þessu ári. Er um að ræða almennt óvenju slæmar niðurstöður að mati HSL.

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Að mati Heilbrigðisnefndar Suðurlands er þörf á vitundavakningu meðal almennings/ baðgesta sund- og baðstaða um mikilvægi klórs sem sótthreinsiefnis baðvatns og ekki síður mikilvægi þess að baðgestir fari í sturtu og þrífi sig áður en gengið er til laugar og klæðist sundfötum, þ.e. fötum sem ætluð eru til sundiðkunar en ekki almennum klæðnaði sem getur haft skaðleg áhrif á hreinsibúnað sundlauganna.

**a. Seljalandsfoss ehf. Rangárþingi eystra**

Til kynningar er bréf HSL til Seljalandsfosss ehf. sem var sent í kjölfar bókunar á 245. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þar sem áformað var að krefjast lokunar þann 21. júlí 2025 á rekstri salernishúsa við Seljalandsfoss þar sem deiliskipulag geri ekki ráð fyrir starfseminni auk þess sem ekki er stöðuleyfi fyrir núverandi salernishúsum og öðrum mannvirkum. Jafnframt vísað í frávik sem snúa að mengun frá núverandi fráveitumannvirkjum. Þann 20. júlí barst andmælabréf frá lögmanni f.h. Seljalandsfoss ehf. og í kjölfarið samþykkti nefndin frestun þvingunarúrræða til 14. ágúst, til að veita rekstraraðila ráðrúm til að setja fram áætlun um úrbætur. Rekstraraðili hefur verið í samskiptum við heilbrigðiseftirlitið og hefur óskað eftir lengri fresti til að koma með áætlun um varanlegar úrbætur sem nefndin geti fallist á. Ljóst er að gildandi skipulag gerir ekki ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustumannvirkja fyrir ferðamenn á þessum stað og stendur ekki til að breyta því.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir lokafrest til 14. september 2025 til að skila inn tímasetri úrbótaáætlun, enda málið búið að vera í gangi um tíma. Þvingunarúrræði frestast samhliða sem því nemur.

**b. Bruni á athafnasvæði Íslenska gámafélagsins, Hellislandi**

Til kynningar, fulltrúi Brunavarna Árnessýslu hafði samband 21. júlí og óskaði eftir aðkomu HSL að sjálfkveikju í haugi með kurluðu timbri á lóð Íslenska gámafélagsins Hellislandi (IGF), Selfossi. Um er að ræða timbur sem er að mestu ómálað og á allt að vera ófúavarið. Talsverður eldur var í haugnum. Farið var með gröfu í hauginn, honum mokað til og rennbleytt í öllu um leið. IGF þarf að gefa upp núverandi stöðu á magni efnis á svæðinu. Slökkvistarfi lauk síðdegis 22. júlí. Farið var um svæðið í Hellisskógi síðdegis þann 21. júlí til að kanna mögulega mengun frá athafnasvæði IGF og gengið út í mýrina sem er á milli skógarins og lóðar IGF. Engin merki voru um að slökkvivatn væri farið að renna í skurðum sem þar eru. Skv. Google Earth eru um 300 metrar af mýri þarna á milli.

**3. Aðsend erindi:**

**a. Olís Eyrarbakka**

Kynning á úrbótum sem fóru fram sl. vor í samræmi við kröfur sem HSL gerði í mars 2024.

**b. Samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð**

Var á dagskrá 245. fundar en hér með er staðfest drög að samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð til birtingar í Stjórnartíðindum.

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

**c. Lyngberg, Þorlákshöfn**

Erindi frá Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss. Óskað verður eftir frekari gögnum og málinu fylgt eftir.

**d. Fell, deiliskipulagstillaga, umsögn HSL**

Til kynningar og staðfestingar.

**e. Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar**

Erindi til kynningar.

**4. Önnur mál**

**a) Fráveitumál á verndarsvæði Þingvallavatns – Icewater verkefnið**

Til kynningar.

**b) Ársskýrsla 2024 og starfsskýrsla til ágúst 2025**

Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

| | |
|---|---|
| Guðrún S. Magnúsdóttir | Páll Tómasson |
| Fjóla St. Kristinsdóttir | Kjartan Ólafsson |
| Örn Friðriksson | Sigrún Guðmundsdóttir |

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 12.08.2025 16:54
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 12.08.2025 17:47
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 12.08.2025 20:16
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 12.08.2025 22:59
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 13.08.2025 10:15
Samþykkt

Undirritað með OneSign